

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 8. apríl 2026

Mál nr. S-4050/2025:

Ákærvaldið

(Sigrún Inga Guðnadóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Ómar R. Valdimarsson lögmaður)

Dómur:

I

Mál þetta, sem dómtekið var 20. mars 2026, að lokinni aðalmeðferð, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 23. desember 2025, á hendur ákærða X, kt. 000000-0000, [...], [...].

Málið er höfðað á hendur ákærða fyrir líkamsárás, með því að hafa, föstudaginn 6. október 2023, veist með ofbeldi að A, kt. 000000-0000, í leigubifreið í Kópavogi og gefið honum olnbogaskot í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut þrjú andlitsbeinabrot og sár á vör.

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Þá gerir Steingrímur Þormóðsson, lögmaður, fyrir hönd A, kt. 000000-0000, þá kröfu að ákærði verði dæmdur til að greiða honum kr. 4.997.000, með 4,5% ársvöxtum frá 15. október 2023 til 15. október 2025 með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 15. október 2025 til greiðsludags. Auk þess er krafist lögmannskostnaðar.

Við aðalmeðferð málsins leiðrétti sækjandi tímasetningu atviksins en það hafi átt sér stað 14. október 2023 en ekki 6. október eins og fram kemur í ákæru.

Verjandi ákærða gerir aðallega þá kröfu að hann verði sýknaður en til vara, komi til sakfellingar, er krafist vægustu refsingar sem lög frekast heimila og til þrautavara að refsing verði látin niður falla. Þá er þess aðallega krafist að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi, til vara er krafist sýknu af kröfunni og til þrautavara að dæmdar bætur verði verulega lægri en krafist er. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun verjanda ákærða samkvæmt mati dómsins.

II

Málavextir.

Brotapoli, A, mætti á lögreglustöð 14. nóvember 2023 og lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir líkamsárás. Brotapoli kvaðst hafa verið í leigubifreið ásamt konu sinni, B, ákærða og eiginkonu hans, C. Brotapoli, ákærði og eiginkona hans hafi setið í aftursæti bifreiðarinnar og ákærði verið í miðjusætinu. Brotapoli kvaðst hafa verið leiðinlegur við ákærða þegar brotapoli hafi sagt að tónlist eftir ákærða, sem hann hafi verið að spila í símanum sínum, væri rusl. Ákærði hafi brugðist illa við og barið brotapola eitt fast högg með hægri olnboga í andlitið og hafi höggið lent á vinstra kinnbeini með þeim afleiðingum að brotapoli hafi beinbrotnað. Hann kvaðst hafa tekið í ákærða til þess að fá ekki annað högg en brotapoli hafi verið í skrýtnu ástandi eftir höggið. Þegar hann hafi sleppt ákærða hafi hann haldið brotapola við hurðina en hann síðan farið út úr bifreiðinni. Þau sem hafi verið í bifreiðinni hafi öll verið undir áfengisáhrifum. Daginn eftir hafi brotapoli upplifað það að vera ruglaður og leitað til læknis. Hann hafi reynst þrúbrotinn á kinnbeini en einnig verið dofinn í andliti og hugsanlega með varanlega taugaskemmd.

Samkvæmt læknisvottorði leitaði brotapoli á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi 16. október 2023. Hann reyndist vera með mar og bólgu undir vinstra auga og með þreifieymsli yfir vinstra kinnbeini og vanga. Sár, u.þ.b. 1x1 cm í þvermál, var á innanverðri neðri vör. Dofi var yfir vinstri hluta andlits á dreifsvæði neðri augntóftartaugar. Sneiðmyndir af höfði og hálsi sýndu andlitsbeinbrot. Brot var í kinnbeininu á fremri og aftari vegg og inn í holrúm með broti inn í neðra augntóftarbein. Brotið var meðhöndlað án aðgerðar en með verkjameðferð. Samkvæmt nótum háls-, nef og eyrnalækna hafði brotapoli viðvarandi vandamál með að tyggja og viðvarandi dofa framan á kinninni sem búist var við að tæki marga mánuði að ganga til baka.

Samkvæmt læknisvottorði Heilsugæslunnar [...] leitaði brotaþoli þangað fyrst 5. janúar 2024 og þar kemur m.a. fram að hann hafi leitað til geðlæknis og fengið geðlyf. Hann fór einnig í blóðprufur sem voru án athugasemda. Í júlí 2024 hafi komið fram að brotaþoli fyndi fyrir sundli, svima og ógleði. Brotaþoli leitaði síðast á heilsugæsluna í desember 2024 en hann hafði byrjað að vinna í lok nóvember sama ár. Í samantekt vottorðsins segir að brotaþoli hafi fengið heilahristing og eftirheilahristingsheilkenni. Hann hafi verið greindur með áfallaviðbrögð hjá geðlækni í kjölfar atviksins. Hann hafi einnig verið að kljást við kvíða- og þunglyndiseinkenni en samkvæmt mati endurhæfingarlæknis sé óljóst hvort áverkinn eftir atvikið sem ákært er vegna hafi þar haft áhrif.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 17. janúar 2024. Hann kvaðst hafa farið í leigubifreið ásamt eiginkonu sinni, brotaþola og sambýliskonu hans en hún og eiginkona ákærða séu vinkonur. Ákærði kvaðst lítið sem ekkert hafa þekkt brotaþola en þau hafi öll verið saman í brúðkaupi. Ákærði kvaðst hafa endað í miðju aftursæti bifreiðarinnar og þegar þau hafi öll verið komin inn í leigubifreiðina hafi brotaþoli byrjað með leiðindi og þá aðallega út í ákærða. Brotaþoli hafi fært sig í áttina til ákærða þannig að hann hafi verið orðinn aðþrengdur. Ákærði hafi þá sagt við brotaþola að hann mætti hætta þessu og hætta að tala þar sem hann hafi verið að valda óþægindum. Brotaþoli hafi ýtt þéttingsfast í ákærða og brotaþoli fengið högg aftan á hnakkann. Ákærði hafi reist sig upp og tekið í höndina á brotaþola og haldið henni því ákærði hafi verið hræddur um að fá högg frá brotaþola. Þegar skammt hafi verið að heimili brotaþola hafi bílstjórinn stöðvað bifreiðina vegna þess sem gekk á í bifreiðinni en síðan hafi verið ákveðið að aka brotaþola að heimili hans. Þegar hann hafi farið út úr bifreiðinni hafi ákærði verið á varðbergi en brotaþoli hafi slegið aftur fyrir sig og örugglega ætlað að slá ákærða en höggið hafi lent á bifreiðinni. Sambýliskona brotaþola hafi ákveðið að fara heim með ákærða og eiginkonu hans vegna þess hvernig brotaþoli hagaði sér. Seinna um kvöldið hafi brotaþoli sent skilaboð á eiginkonu ákærða og sagt að þessa yrði hefnt og þá hefði hann einnig sent að hann hefði vissulega verið með leiðindi. Um miðja nótt um tveimur vikum seinna hafi brotaþoli sent ákærða skilaboð og spurt hvort ekki væri best að þeir myndu hittast yfir öli og jafna þetta mál. Ákærði kvaðst ekki hafa neinn áhuga á því að hitta brotaþola því ákærði væri hræddur við hann. Brotaþoli hafi nokkru seinna sent ákærða skilaboð og sagt að brotaþoli væri að bíða eftir afsökunarbeiðni frá ákærða en hann hafi ekki svarað því

og fundist þetta afar sérstök fullyrðing hjá brotþola. Ákærði neitaði því alfarið að hafa ráðist á brotþola heldur hafi hann ráðist á ákærða. Hann kvaðst hvorki hafa slegið brotþola né rifist við hann heldur hafi brotþoli verið með svívirðingar. Ákærði kvaðst ekki hafa séð áverka á brotþola.

Ákærði gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 8. janúar 2025 þar sem hann staðfesti fyrri framburð sinn og kvaðst engu hafa við hann að bæta. Hann neitaði því alfarið að hafa gefið brotþola olnbogaskot og ákærði hafi ekki séð áverka á brotþola.

III

Framburðir ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði kvaðst hafa verið í brúðkaupsveislu í Hafnarfirði með C, eiginkonu sinni, og þar hafi einnig verið brotþoli, A, og sambýliskona hans, B, en þær nöfnur séu vinkonur. Ákærði kvaðst ekki hafa þekkt brotþola og ekki átt nein samskipti við hann í veislunni. Ákærði kvaðst hafa pantað leigubifreið til þess að fara heim og það hafi orðið úr að brotþoli og sambýliskona hans hafi einnig komið með í leigubifreiðinni en þau hafi öll verið að fara til Reykjavíkur. Ákærði kvaðst hafa verið fyrstur inn í bifreiðina og sest í aftursæti út við hurð en C í miðjusætið. Síðan hafi brotþoli komið, verið æstur og troðið sér inn þar sem ákærði hafi setið þannig að hann hafi lent í miðjusætinu. Brotþoli hafi strax byrjað með leiðindi og sagt að ákærði vildi stjórna öllu, m.a. því hvenær þau færu heim. Brotþoli hafi síðan farið að pota í ákærða, verið með athugasemdir við ýmislegt og spurt hver ætti að borga fyrir leigubifreiðina. Brotþoli hafi sagt að tónlist ákærða væri rusl og gert sig breiðan í sætinu þannig að ákærði hafi þrengt að C og hafi ákærði gert athugasemd við þetta við brotþola. Hann hafi þá sagt að ákærði væri aumingi og brotþoli gæti pakkað honum saman. Hann hafi svo farið að ýta í ákærða þannig að hann hafi verið orðinn boginn niður og þegar hann hafi reist sig upp og ýtt við brotþola hafi ákærði fengið högg á hnakkann en hann viti ekki frá hverjum. Ákærði hafi þá tekið í höndina á brotþola. Bílstjórinn hafi verið orðinn reiður vegna þess sem gekk á í bifreiðinni en ákveðið hafi verið að klára ferðina í [...] þar sem brotþoli hafi átt heima. Ákærði hafi sagt að annað hvort hann eða brotþoli myndu fara úr bifreiðinni og þegar brotþoli hafi farið út úr bifreiðinni hafi hann slegið til ákærða en ekki hitt heldur hafi höggið lent á bifreiðinni. Sambýliskona brotþola hafi ekki viljað fara heim með honum heldur hafi hún ætlað heim með ákærða og C. Þegar þau hafi verið á leiðinni heim til

þeirra hafi brotápoli hringt í sambyliskonu sína og sagst vera læstur úti og hún þá farið til hans. Hún hafi síðan komið aftur til ákærða og C vegna þess að brotápoli hafi látið öllum illum látum, m.a. hent húsgögnum. Ákærði kvaðst ekki hafa gefið brotáþola olnbogaskot í bifreiðinni og ekki gert annað en að verja sig fyrir honum. Ákærði sagðist hafa verið hræddur við brotáþola og ekki vitað hvernig málin myndu enda í bifreiðinni. Ákærði kvaðst ekki hafa séð áverka á brotáþola og ekki vitað hvernig hann hafi fengið áverka. Það gæti vel verið að andlitið á brotáþola hafi farið í öxlina á ákærða en ekki öfugt.

Um klukkustund eftir að ákærði hafi komið heim hafi brotápoli sent mynd af sér og sagst vera góður en spurt hvort hann verðskuldaði þetta en ákærði kvaðst ekki vita við hvað hann hafi átt með því. Ákærði kvaðst ekki hafa tekið myndina sem ásökun um ofbeldi. Á henni sjáist að brotápoli hafi verið búinn að klína blóði um andlitið á sér en hann hafi verið með sprungna neðri vör. Nokkrum dögum eftir bílferðina hafi brotápoli sent ákærða SMS-skilaboð og sagt að þeir þyrftu að hittast yfir bjór en hann hafi ekki haft áhuga á því að hitta brotáþola og beðið hann vel að lifa. Eftir það hafi brotápoli verið að áreita ákærða og allt til dagsins í dag og senda neikvæð skilaboð. Brotápoli hafi m.a. hótad því að senda menn á ákærða og sent slæm skilaboð á skólastjóra í skóla barna ákærða. Ákærði sagði að þessar hótanir hafi verið tilkynntar og kærðar til lögreglu.

Brotápoli, A, kvaðst hafa verið með dapra framkomu, í barnalegri fýlu, svarað dónalega og verið erfiður í samskiptum í leigubifreiðinni. Hann hafi beðið bílstjórann tvisvar sinnum um að lækka í tónlistinni og sagt hana vera rusl. Hann hafi þá, þar sem hann hafi setið uppréttur, óvænt fengið bylmingshögg í andlitið en séð höndina á ákærða út undan sér. Brotápoli hafi þá farið upp á ákærða og haldið honum. Brotápoli hafi verið reiður og æstur og m.a. spurt hvort hann ætti að svæfa ákærða. Brotápoli hafi oft nefnt það í bifreiðinni að hann hafi fengið olnbogaskot en hann hafi verið stjórnlaus og skellt hurðinni á bifreiðinni þegar hann hafi farið út úr henni. Bílstjórinn hafi þá orðið reiður en brotápoli þá sagt við hann að brotápoli væri reiður vegna þess hvernig hann liti út.

Brotápoli kvaðst hafa verið í áfalli eftir höggið og með gloppótt minni í tvo til þrjá daga en farið til læknis á sunnudegi eða mánudegi. Kinnbein hans hafi verið þrífrotið, vör dofin og hann sé með eyrnasúð. Í kjölfarið hafi brotápoli fengið áfallastreitu og verið

óvinnufær en fyrir atvikið hafi engir kvillar verið að trufla hann. Brotapoli kannaðist við að hafa átt samskipti við ákærða eftir atvikið og þá í reiði og slæmu andlegu ástandi. Í sjálfu sér sé ekkert sem réttlæti það en hann stjórni ekki alltaf skapi sínu og snöggreiðist.

Vitnið, B, kvaðst vera fyrrum sambýliskona brotapola og C væri besta vinkona sín. Vitnið hafi setið í farþegasæti frammi í bifreiðinni og það hafi verið þrúgandi og skrýtin stemming í bifreiðinni vegna framkomu brotapola en hann hafi einnig verið búinn að vera með leiðindi í veislunni sem þau hafi verið í. Brotapoli hafi verið ósáttur við ákærða vegna tónlistar og sagst geta pakkað honum saman. Brotapoli hafi sagt að ákærði hafi gefið honum olnbogaskot en vitnið kvaðst ekki hafa séð hvað gerðist í aftursæti bifreiðarinnar. Brotapoli hafi eitthvað verið að troða sér á milli framsætanna og þá hafi vitnið líklega séð smá blóð á honum en vitnið hafi ekki séð áverka á honum. Þegar þau hafi komið að [...] hafi brotapoli farið út úr bifreiðinni og skellt hurðinni á eftir sér. Vitnið hafi ætlað heim með ákærða og C en þegar þau hafi verið á leiðinni þangað hafi brotapoli hringt og sagst vera læstur úti. Vitnið hafi þá farið til hans en hann hafi verið æstur, kastað stól, barið í eldhúsinnréttingu og ekki róað sig. Vitnið hafi þess vegna farið heim til ákærða og C. Vitnið kvaðst ekki hafa séð áverka á brotapola daginn eftir.

Vitnið, C, eiginkona ákærða, sagði að B, fyrrum sambýliskona brotapola, væri vinkona sín. Vitnið hafi boðið þeim að koma með því og ákærða í leigubifreið þegar þau hafi verið að fara heim úr veislunni. Brotapoli hafi verið með leiðindi á leiðinni út í bifreiðina og síðan verið tuðandi út í ákærða sem hafi setið í miðjunni í aftursæti bifreiðarinnar. Brotapoli hafi öskrað á ákærða og sagst geta pakkað honum saman. Brotapoli hafi verið ógnandi en reynt hafi verið að segja honum að hætta. Hann hafi verið að færa sig nær ákærða og eiginlega verið kominn ofan á hann en ákærði hafi hallað sér frá brotapola. Ákærði hafi m.a. notað öxlina til að verjast brotapola en ákærði hafi aldrei lyft hendi. Þegar þau hafi verið að nálgast [...] hafi brotapoli verið orðinn enn æstari og ákærði tekið í aðra höndina á brotapola og haldið honum frá sér með hinni hendinni en vitnið vissi ekki hvers vegna brotapoli hafi orðið æstari og æstari. Þegar þau hafi komið að [...] hafi brotapoli og bílstjórinn farið út úr bifreiðinni og rifist. Vitnið kvaðst ekki hafa séð blóð á brotapola og mundi ekki hvort hann hefði nefnt olnbogaskot í bifreiðinni. Ákærði hafi ekki lamið brotapola. B, vinkona vitnisins, hafi farið heim með vitninu og ákærða en brotapoli sent henni skilaboð og sagst vera læstur úti. B hafi þá farið til hans en hann þá

verið ógnandi og B þá komið heim til vitnisins og ákærða. Brotapoli hafi sent mynd eftir bílferðina og þá verið með blóð í andlitinu. Eftir það hafi hann verið að senda ákærða skilaboð og á vinnustað vitnisins og sagt að þar ynni ofbeldismanneskja.

Vitnið, D, kvaðst ekki vera tengdur aðilum og aldrei hafa séð þá áður en atvikið varð en vinur vitnisins hafi beðið það að keyra þau í umrætt sinn. Hann hafi sótt fólkið í Hafnarfjörð sem hafi verið ölvað. Í fyrstu hafi bílferðin gengið ágætlega en síðan hafi byrjað öskur og læti. Þá hafi brotapolí verið með leiðindi út af tónlistarsmekk, verið í uppnámi en ekki beint ógnandi svo vitnið muni. Ákærði hafi verið að halda brotapolá í skefjum en vitnið hafi ekki séð ofbeldi af hálfu ákærða. Þegar komið hafi verið að [...] hafi brotapolí farið út úr bifreiðinni og skellt hurðinni fast á eftir sér. Vitnið hafi þá farið út úr bifreiðinni og gert athugasemdir við brotapolá. Vitnið hafi þá séð blóð á brotapolá en það viti ekki hvernig það hafi komið til. Vitnið hafi síðan farið með ákærða og konurnar upp í [...] en svo farið nokkru seinna og sótt konu brotapolá og ekið henni til hans.

Vitnið, E læknir, kvaðst ekki hafa hitt brotapolá oft og vitnið hafi ekki séð hann í kjölfar atviksins og hafi því ekki skoðað hann þá. Enginn á heilsugæslunni þar sem vitnið starfi hafi séð áverkann, en brotapolí hafi verið með eftirheilahrístingsheilkenni. Myndgreining hafi ekki sýnt áverka á heila en heilahrístingur sjáist ekki á myndum. Einkenni brotapolá geti verið eftir höfuðhögg en hann hafi verið að glíma við einkenni fyrir atvikið sem ákært er vegna en sum einkennin hafi versnað eftir það. Hann hafi farið til endurhæfingarlæknis. Vitnið staðfesti vottorð sitt.

Vitnið, F sálfræðingur, sagði að tilgangur matsgerðar hennar hafi verið að meta afleiðingar árásarinnar, þ.e. höfuðhöggsins. Brotapoli hafi verið með merki um heilahrísting og langvarandi einkenni eftir það. Hann hafi verið með minni athygli og skertan vinnsluhraða. Þá hafi hann verið hvatvís og átt erfiðara með að ráða við vinnu og daglegt líf. Vitnið kvaðst ekki vita hvort brotapolí hafi ráðið við það allt fyrir höggið. Vitnið staðfesti matsgerð sína.

IV

Niðurstaða.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir á ákærvaldinu sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag. Við sakarmat þarf jafnframt að gæta þeirrar meginreglu sem kemur fram í 1. mgr. 109. gr. laganna en samkvæmt henni metur dómari hverju sinni hvort nægjanleg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé komin fram um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þ. á m. hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn hafa. Þá segir í 2. mgr. lagagreinarinnar að dómari meti hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það. Þá gildir sú grundvallarregla að dómur skal reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 111. gr. nefndra laga.

Við aðalmeðferð málsins leiðrétti sækjandi tímasetningu á því atviki sem ákært er vegna. Það á að hafa gerst 14. október 2023 en ekki 6. október. Þessi leiðrétting kemur ekki í veg fyrir að dómur verður lagður á málið enda varð vörn ákærða ekki áfátt vegna þessa, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008.

Ákærða er gefin að sök líkamsárás en hann neitar sök og hefur framburður hans þar um verið stöðugur og á sama veg hjá lögreglu og fyrir dómi.

Brotapoli leitaði á bráðamóttöku Landspítalans 16. október 2023 eða tveimur dögum eftir atvikið sem ákært er vegna og kvaðst þá hafa fengið eitt olnbogaskot í andlitið. Sneiðmyndir af höfði staðfestu kinnbeinsbrot. Brotapoli lagði ekki fram kæru á hendur ákærða fyrr en um mánuði eftir atvikið. Eitt vitni hefur sagt að það hafi séð blóð á ákærða í bifreiðinni og annað vitni hefur sagt að það hafi séð blóð á ákærða eftir bílferðina. Hvorugt vitnanna kvaðst hins vegar hafa séð ákærða gefa brotapola olnbogaskot og í raun hafi þau ekki orðið vör við eiginleg átök í bifreiðinni þó þar hafi vissulega ekki verið allt með kyrrum kjörum. Myndsending og SMS-skilaboð brotapola eftir bílferðina sem og læknavottorð veita framburði hans vissan stuðning en það getur þó ekki dugað til þess að hægt sé að fullyrða að það sé hafið yfir skynsamlegan vafa að atvik hafi verið

með þeim hætti sem brotþoli heldur fram og lýst er í ákæru. Enda verða atvik í máli sem þessu, þ.e. sakamáli, að vera hafin yfir skynsamlegan vafa svo þau teljist sönnuð.

Eins og atvikum málsins er háttað þykir ekki hægt að útiloka að brotþoli hafi fengið þá áverka sem tilgreindir eru í ákæru af annarri ástæðu en þeirri að ákærði hafi gefið honum olnbogaskot m.a. með vísan til þess sem gekk á í leigubifreiðinni. En ákærði verður ekki sakfelldur fyrir aðra háttsemi en þá sem lýst er í ákæru, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Hvað þetta varðar verður einnig að hafa í huga að eftir að brotþoli fór úr leigubifreiðinni er ekki við annað að styðjast en framburð hans sjálfs.

Með vísan til ofanritaðs og þegar atvik málsins og rannsóknargögn þess eru virt í heild sinni þykir ekki hægt að fullyrða gegn eindreginni neitun ákærða að það sé hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Verður hann því sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Þar sem ákærði hefur verið sýknaður verður einkaréttarkröfu brotþola vísað frá dómi, sbr. 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ómars R. Valdimarssonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin með hliðsjón af umfangi málsins 1.767.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, sbr. 2. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Sigrún Inga Guðnadóttir aðstoðarsaksóknari.

Ingi Tryggvason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, er sýkn af kröfum ákæruvaldsins.

Einkaréttarkröfu er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ómars R. Valdimarssonar lögmanns, 1.767.000 krónur.

Ingi Tryggvason